

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 29. apríl 2019
UST201904-188/B.S.
08.05.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun - Vindorkuver -
Hróðnýjarstaðir í Dalabyggð. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 9. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Ráðgert er að reisa vindorkuver í landi Hróðnýjarstaða. Í fyrsta áfanga er áætlað að uppsett afl verði rúmlega 80 MW en þegar vindorkuverði verður fullbyggt mun uppsett afl verða 130 MW. Fram kemur í greinargerðinni að núverandi flutningskerfi beri 85 MW virkjun á þessu svæði. Í fyrsta áfanga er ráðgert að reisa 18-24 vindmyllur og geta myllurnar verið allt að 180 m á hæð.

Þau umhverfisáhrif sem fjalla skal um eru að mati Umhverfisstofnunar þau sem mestu máli skipta. Hins vegar ætti að gera greinarmun á mótvægisáðgerðum og verklagi sem frekar telst til góðra vinnubragða en mótvægisáðgerða s.s. að ganga frá og græða upp röskuð svæði. Um ásýnd ætti að fjalla með þeim hætti að þegar vindmyllum af þessari stærð hefur verið valinn staður er lítið hægt að gera til að draga úr sýnileika þeirra. Að mati Umhverfisstofnunar ætti ekki að að tilgreina ófullkomna vegi og slóðir sem mögulegar aðkomuleiðir að vindorkuverinu. Framkvæmdin krefst vega sem þurfa að þola mikla þungaflutninga og hafa góða planlegu þar sem um mjög fyrirferðamikil stykki er að ræða, sbr. teikningar framleiðanda. Umhverfisstofnun telur að ef ljóst er að núverandi vegir utan þjóðvega þola ekki þungaflutninga ætti að skoða hvort betra sé að leggja að hluta nýja vegi og afmá eldri slóðir sem gerðar hafa verið með umferð allt annarra tækja í huga.

Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að gerð sé grein fyrir með hvaða hætti starfseminni verði að lokum hætt. Hins vegar ætti að mati Stofnunarinnar að gera grein fyrir förgun undirstaða vindmyllanna og lagna á svæðinu.

Til að gera gleggri grein fyrir stærð og umfangi vindmyllanna telur Umhverfisstofnun að gera ætti myndir af mannvirkjunum þar sem þau eru borin saman við þekkt mannvirki. Myndir af Hallgrímskirkjuturni hafa oft verið notaðar í slíkan samanburð.

Einnig ætti að fjalla frekar um mögulega valkosti aðra en núllkost.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda tillögu.

Almennt um staðsetningu vindorkuvera

Meðan ekki hefur með afgerandi hætti verið skorið úr hvort vindorka falli undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun telur Umhverfisstofnun að stjórnvöld ættu að hefja gerð leiðbeininga varðandi æskilega staðsetningu vindorkuvera, þar sem fram kæmu viðmið varðandi mögulegra staðsetninga vegna áhrifa á jarðmyndanir og landslag. Fjölda vindmylla og mögulegar takmarkanir á hæð þeirra. Einnig fjarlægðarmörk til íveruhúsa og útvistarsvæða þ.m.t. veiðistaða við ár og vötn. Einnig vegna mögulegra tenginga við dreifikerfi raforku og umfjöllum um mögulega afleidd áhrif vegna nýframkvæmda við dreifikerfið. Nú fer fram mat á umhverfisáhrifum tveggja vindorkugarða á Vesturlandi. Annars vegar að Hróðnýjarstöðum í Dalabyggð og hins vegar í Garpsdal í Reykhólahreppi. Hér er um óskylda framkvæmdaaðila að ræða í sitthvoru sveitarfélagini þannig að ekki verður af sameiginlegri umfjöllum um þessar framkvæmdir að ræða. Ef af þessum báðum framkvæmdum verður er ljóst að dreifikerfið á Vesturlandi mun að öllum líkindum að óbreyttu ekki geta annað raforkuflutningi frá þessum orkuverum og nauðsynlegt verði á ráðast í byggingu nýrra raflína og endurbætur á tengivirkjum. Ef af slíkum framkvæmdum verður munu sjónræn áhrif vindokuveranna aukast sem þessu nemur á viðkomandi svæði til viðbótar við sjónræn áhrif vindorkuvera sem talið er muni gæta í 30-40 km fjarlægð frá vindorkuverunum.

Virðingarfyllst


Björn Stefansson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur